

INNTÖKUPRÓF LÆKNADEILDAR OG TANNLÆKNADEILDAR 2024

Próftími:	6. júní 2024 (fimmtudagur)	kl. 8:25 (mæting) – 17:15
	7. júní 2024 (föstudagur)	kl. 8:25 (mæting) – 17:15
Prófstaður:	Háskólatorg, Gimli, Eirberg, Árnagarður og Aðalbygging.	

Inntökuprófið skiptist í sex próflotur (I, II, III IV, V og VI) sem hver um sig tekur 2 klst.

6. júní 2024
fimmtudagur

7. júní 2024
föstudagur

I	NÁTTÚRUFRAEDI - SÁLFRÆÐI
	08:25 Mæting í prófstofu 10:45 Próflotu lýkur*

IV	STÆRÐFRÆÐI
	08:25 Mæting í prófstofu 10:45 Próflotu lýkur*

HLÉ

HLÉ

II	SÍÐFRÆÐI - YRT RÖKFÆRSLA
	11:50 Mæting í prófstofu 14:00 Próflotu lýkur*

V	EFNAFRÆÐI
	11:50 Mæting í prófstofu 14:00 Próflotu lýkur*

HLÉ

HLÉ

III	EÐLISFRÆÐI – ALM. ÞEKKING
	15:05 Mæting í prófstofu 17:15 Próflotu lýkur*

VI	ÍSLENSKA – ENSKA – SAGA – FÉLAGSFRÆÐI
	15:05 Mæting í prófstofu 17:15 Próflotu lýkur*

* **ATH.** Tími próflota er ávallt nákvæmlega 2 klst. frá upphafi til enda.

Rafrænt próf – tæknilegur undirbúningur

Prófið er rafrænt staðpróf í lokuðu umhverfi Inspera.

Það er próftaka í hag að koma sem best tæknilega undirbúinn í slíkt próf, því ekki er gott að eiga slíkan undirbúning eftir á prófdeginum sjálfum. Að vera óundirbúinn á prófstað getur auk þess valdið öðrum nemendum ónæði.

Hér á eftir fara leiðbeiningar um það hvernig hægt er að undirbúa sig fyrir Inspera-próf í **lokuðu umhverfi**.

Hvað er nauðsynlegt að hafa með mér í prófið annað en tölvuna mína?

Skilríki með mynd. Hleðslutæki fyrir tölvuna.

Hvernig undirbý ég mig tæknilega - ræður tölvan mín við svona próf?

Flestar tölvur ráða við prófið, en best er að taka sýnisprófið til að athuga það. Próftakar fá leiðbeiningar sendar um hvernig það er gert. Ráði tölvan ekki við prófið er auðvelt að fá lánstölvu þegar komið er í prófstofu.

Hvernig set ég upp Safe Exam Browser á tölvuna mína?

Með því að taka sýnisprófið. Próftakar fá sendar leiðbeiningar um það. Mikilvægt er að setja ekki upp Safe Exam Browser á annan hátt, því þá er hætt á því að sett sé upp röng útgáfa.

Hvaða stýrikerfisútgáfa þarf að vera á tölvunni minni?

Sjá kaflann *Inspira Assessment with Safe Exam Browser* á [bessari síðu](#) til að athuga hvaða stýrikerfi þarf að vera á tölvunni fyrir prófið.

Hvað geri ég ef í ljós kemur í sýnisprófinu að tölvan mín virkar ekki með Inspera?

Biðja um lánstölvu þegar þú kemur inn í prófstofu.

Hvað ef ég á ekki tölvu til að taka prófið?

Á prófstað verða lánstölvur (Krómbækur) með 11,6 tommu skjá fyrir þá sem ekki eiga tölvu eða eru ekki með nægilega öflugra tölvu fyrir þessa próftöku.

Hvað geri ég ef Inspera kemur með þessi skilaboð: "Download latest supported version?"

Fjarlægja Safe Exam Browser af tölvunni og setja sýnisprófið upp. Á Mac tölvu er þetta gert með því að fjarlægja Safe Exam Browser úr Applications og Downloads möppunum, en á PC tölvu er þetta gert með því að fara í Add or remove programs.

Hvað geri ég ef SEB kemur með villumeldingu um að það geti ekki lokað forritum?

Nota Ctrl-Alt-Delete til að opna Task Manager, finna Services, hægrismella á nafn forritsins og velja Stop. Þetta á ekki við um Mac tölvur.

Almennt fyrirkomulag og reglur á prófstað

- Próftakar eru í sömu stofu og sitja við sama borð í öllum próflotum.
- Stofur verða opnaðar um 20 mínútum fyrir upphaf próftíma í fyrstu lotu og svo um 10 mínútum fyrir upphaf próftíma í annarri og þriðju lotu. Forðist örtröð fyrir utan stofurnar.
- Ekki verður hleypt inn í prófstofur eftir að próf er hafið.
- Manntal verður tekið við inngang í stofuna. Próftakar þurfa að hafa **skilríki með mynd** tiltæk svo hægt sé að staðfesta mætingu. Þeir sem nota skilríki í síma geta sýnt þau þar (en símar eru ekki leyfilegir innan prófstofa).
- Próftakar skulu setjast við borð sín og biða fyrirmæla þar.
- Á borðum próftaka verða blýantur, yddari, reiknivél og innskráningarblað, ásamt formúlublöðum í viðeigandi próflotum. Rissblöðum verður dreift til allra eftir að próftími hefst.
- Óheimilt er að koma með eigin skriffæri og reiknivél í prófið. Prófgæslufólk mun athuga sérstaklega hvort reiknivélar séu af réttri gerð (CASIO fx-350ES PLUS), og í **eigu Læknadeildar**. Spurningum um reikniaðgerðir verður ekki svarað í prófsal. Gerið prófgæslufólki strax viðvart ef reiknivél bilar eða virkar ekki sem skyldi. Reiknivélum er skipt út ef þess þarf.
- Óheimilt er að taka **snjalltæki/rafeindatæki** af nokkru tagi (GSM-síma, iPad, snjallúr o.þ.h.) með sér inn í prófstofu. **Slökkt** skal á þeim og þau skilin eftir utan prófstofunnar.
- Óheimilt er að taka **yfirhafnir og töskur** inn í prófstofu.
- **Óheimilt er að neyta matar í prófstofum** en heimilt er að taka **drykkjarflösku** með tappa inn í stofuna og hafa á gólfinu við hliðina á borðinu.
- Engum **efnislegum spurningum um prófið** sem kunna að koma upp verður svarað á prófstað.
- Ef próftaki telur nauðsynlegt að gera athugasemdir við efni einstakra spurninga verður hægt að gera það skriflega, meðan á viðkomandi próflotu stendur, á sérstöku eyðublaði sem óska má eftir hjá prófgæslufólki. Ekki er veittur aukatími vegna athugasemda.
- Gefið prófgæslufólki merki ef þið þurfið að fara á **salerni** en þangað verður próftökum hleypt undir eftirliti. Salernistími er hluti af próftíma – aukatími verður ekki veittur vegna salernisferða.
- Próftökum verður tilkynnt þegar 15 mín. eru eftir af próftíma hveðrar próflotu og aftur þegar 5 mín. eru eftir. Vakin er athygli á því að próftökum ber að rétta upp hönd og sýna prófverði að **prófi hafi verið skilað inn** (submit).
- Ekki er heimilt að **yfirgefa prófsal** fyrr en **a.m.k. 60 mínútur** eru liðnar af hverri próflotu.

- Óheimilt er að **fjarlægja nokkur prófgögn úr prófstofum**, þ.m.t. rissblöð.
- Mælt er með að **próftakar skilji tölvur eftir í sinni prófstofu** á milli próflota.
- Próftakar geta tekið með sér **nesti til að neyta í hléi** milli próflota en einnig er matsala í Hámu á Háskólatorgi. Vinsamlegast gangið snyrtilega um og hendið rusli í ruslatunnur.